



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

TRÉS1SX02

Trésmíði val
Námsáætlun

Kennari:	Óskar Helgi Guðnason
-----------------	-----------------------------

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að nemendur:

- Fræðist um tré og eiginleika þess sem smíðaefnis
- Hljóti þjálfun í beitingu handverkfæra
- Fái tilfinningu fyrir eigin getu
- Fái innsýn í notkun á algengustu trésmíðavélum og tækjum
- Tileinki sér öll þau öryggisatriði sem brýnust eru í smíðastofunni
- Fræðist um algengustu samsetningar í trésmíði
- Kynnist öðrum efnum sem notuð eru til smíða, viðhalds og viðgerða (límum, olíum, fúavarnarefnum, lökkum o.fl.)
- Tileinki sér virðingu fyrir umhverfi sínu og þeim sem unnið er með

Verkefni:

- Verkefni geta að hluta til verið bundin, en að öðru leiti frjáls innan þeirra marka sem kennari leiðbeinir með. Ekki er hægt að ákveða fyrir fram hvernig þetta fer fram, það ræðst eftir fyrstu tímana á hverri önn.
- Nemendur greiða efnisgjald, **kr. 5.000,-** fyrir áætlað efni sem notað er í verkefnin, sé um umframefni að ræða borgast það sérstaklega. Greiða skal á skrifstofu skólans.

Verkefnaskil:

- Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, en annars er farið eftir getu hvers og eins.

Námsefni-hugmyndir:

- Bækur, ljósrit, efni hjá kennara, hugmyndir nemenda, Pinterest o.fl.

Fyrirkomulag námsmats samkvæmt einkunnareglu:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni 1.	Ástundun, áhugi og umhverfisvitund, metið þrisvar yfir önnina. Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	40%
Verkefni 2. Smíðaverkefni	Verkefni metið að lokinni smíði og einkunn birt í INNU. Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	40%
Verkefni3. Smíðaverkefni	Verkefni metið að lokinni smíði og einkunn birt í INNU. Mat sést nánar í einkunnaþáttum verkefnis í INNU.	20%

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands Ágúst 2025

Óskar Helgi Guðnason